

# Lög Foreldrafélags Árskógarskóla, leik- og grunnskóli

## 1. grein.

Félagið heitir Foreldrafélag Árskógarskóla.

## 2. grein.

Heimili og varnarþing þess er Árskógarskóli, Árskógi, 621 Dalvíkurbyggð.

## 3. grein.

Tilgangur félagsins:

- Að vinna að heill og hamingju barna skólans.
- Að efla tengsl heimila og skóla.
- Að stuðla að framgangi ýmissa mála í þágu barnanna og skólans.

## 4. grein.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

- Að halda fræðslufundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni.
- Að efla kynni foreldra innbyrðis og við starfsfólk skólans.
- Að efla þekkingu foreldra á starfsemi skólans.
- Að veita aðstoð í starfi skólans í þágu barnanna.
- Að styðja við og taka þátt í menningarviðburðum og félagslífi innan skólans.
- Að skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum hópi/bekk/umsjónarhópi.
- Að taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög og landssamtök.

## 5. grein.

Félagsaðild

- Foreldrar/forráðamenn barna skólans eru sjálfkrafa félagar.

## 6. grein.

Stjórn félagsins

- Er skipuð fimm aðilum. Að minnsta kosti tveir frá hvoru skólastigi og sá fimmti kemur helst frá því skólastigi sem er fjölmennara.
- Stjórnarmenn skulu kosnir til a.m.k. eins árs í senn á aðalfundi en tveir stjórnarmenn skulu sitja í tvö ár, einn af hvoru stigi.
- Stjórnin skiptir með sér verkum og boðar formaður stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar þurfa þykir.

## 7. grein.

Foreldrafélagið starfar skv. 9. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

## 8. grein.

Árgjald félagsins er ákveðið árlega á aðalfundi.  
(Nú samkvæmt samþykkt aðalfundar 2012 400 kr. á mánuði)

## 9. grein.

Aðalfund ber að halda í september hvert ár og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara. Á dagskrá aðalfundar eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

## 10. grein.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í fundarboðum með minnst viku fyrirvara.

## 11. grein.

Slit foreldrafélagsins

- Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á aðalfundi og renna þá eignir þess til Árskógarskóla.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi Foreldrafélags Árskógarskóla sem haldinn var 9. október 2012.

Undirskriftir stjórnarmeðlima

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_